

Leyniþræðir og leyndarlíf auðkýfinganna. 4 kapítuli

Það hlýtur að sæta furðu, að í "opnum" lýðræðissamfélögum Vesturlanda, skuli þrífast leyniþjónustur. Þær eru í eðli sínu öndverðar öllum gildum lýðræðissamfélagsins. Enda leika þær meira eða minna lausum hala, handan við lýðræðislega stjórn og eftirlit.

Michael Richard Pompeo (f. 1963), fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna og forstjóri Leyniþjónustu Bandaríkjanna (LB – Central Intelligence Agency – CIA), sem stofnuð var árið 1947, upplýsti háskólastúdenta í Texas árið 2015: „Ég var forstjóri CIA. Við lugum, við svindluðum, við stálum.“

Á heimasíðu LB er talað um „hugprúða starfsmenn og frelsisunnandi,“ sem leggja allt í sölurnar til að verja forseta sinn og þjóð. LB skartar „hefðum snilli, hugrekki og fórna í kyrrþey, grunnsteinum fremstu leyniþjónustu veraldar.“

Eins og gefur að skilja er það þrautin þyngri að glöggva sig á þessari leyndarstarfsemi. Það verður að miklu leyti að reiða sig á upplýsingar uppljóstrara eins og víðar í hinu ógagnsæja lýðræði voru. Einnig má vitaskuld styðjast við opinberuð leyndarskjöl, áratugum eftir að atburðir áttu sér stað.

Leyniþjónusta Bandaríkjanna er trúlega ein sú umsvifamesta í veröldinni. Hún var stofnuð á grundvelli leyniþjónustu þýskra nasista og sniðin eftir henni að verulegu leyti. Reinhard Gehlen (1902-1979) var forsprakki þeirrar þýsku á austurvígstöðvunum í öðru heimsstríði.

Í stríðslok gerði Leyniþjónusta Bandaríkjahers (Counter Intelligence Corps – CIC) samning við Reinhard, þess efnis, að leyniþjónusta hans gæfi sig á vald Bandaríkjamönnum, gegn því, að honum sjálfum og starfsmönnum, yrði hlíft við stríðsréttarhöldunum í Nürnberg.

Í samráði við Bandaríkjamenn réði hann að leyniþjónustu sinni þúsundir nasista, jafnvel rakta óþverra. Dagblaðið, Frankfurter Hringssjá (Rundschau), sagði í upphafi sjötta áratugar síðustu aldar: „Það er engu líkara en að í höfuðstöðvum Gehlen ryðji hver og einn SS maður brautina fyrir þann næsta. Úrvalssveit Himmler heldur þar endurfundateiti.“

Þýska leyniþjónustan (Bundesnachrichtendienst) undir forystu Reinhard var síðan stofnuð á grunni leyniþjónustu hans árið 1956. (SS er skammstöfun fyrir „Schutzstaffel,“ herþjálfaða varnarsveit formanns nasistaflokksins. Heinrich Luitpold Himmler (1900-1945) var foringi hennar.)

Um sama leyti stofnuðu bandarísk yfirvöld/CIC til samvinnu við innlendan fyrsta-
fjanda sinn, yfirföngja Mafíunnar í Bandaríkjunum, Charles „Lucky“ Luciano (1897-
1962). Lucky sá um að uppræta njósnir í þágu þýskra nasista í Nýju Jórvík (NY) og
fylkja mafíunni á Sikiley til liðs við innrásarher Bandaríkjamanna á eyjunni.

BL tileinkaði sér að mörgu leyti starfsaðferðir mafíunnar, rétt eins og nasista, þ.e.
skipulagða glæpastarfsemi, morð og kynlífsmútur. Samstarf bandarískra yfirvalda og
mafíunnar bar heitið, „Áætlun undirheimar“ (Operation Underworld).

Bandaríkjamenn nýttu sér reynslu nasista með margvíslegum hætti. T.d. var LB í
forsvari fyrir „Aðgerðaáætlun bréfaklemmu,“ sem fólst í því að „flytja inn“ 1.600
nasista, sem Bandaríkjamenn töldu sig geta haft gagn af. (Operation Paperclip. Sjá
bók Annie Jacobsen. „Operation Paperclip. The Secret Intelligence Program that
Brought Nazi Scientists to America.“ Netflix hefur gert mynd um þessa áætlun: „Camp
Confidential: America’s Secret Nazis.)

Reynsla téðra sérfræðinga í áróðri og alls konar tilraunum með líkama manna og
huga, nýttust Bandaríkjamönnum vel. Þekktasta hugstjórnar- eða heilapvottaáætlunin
er trúlega „Áætlun MKUltra“ (Project MKUltra eða MK-Ultra). Áætluninni var hleypt af
stokkunum árið 1953. Finna átti leiðir til að gera fólk meðfærilegt. Í þessu skyni var
alls konar pyndingum beitt, m.a. kynofbeldi. Richard McGarrah Helms (1913-2002),
forstjóri LB, fyrirskipaði árið 1973, að öllum skjölum um áætlunina skyldi eytt.

Dale W. Griffis (1937-2020) og Theodore L. Schwartz (1934-2014) hafa skrifað bók um
tvö fórnarlömb LB í ofangreindri áætlun, sem ber titilinn: „Leynivopn: Hin hræðilega,
sanna saga tveggja systra um kynlíf, njósnara og hryðjuverk“ (Secret Weapons: Two
Sisters Terrifying True Story of Sex, Spies, and Sabotage). Þar er sögð saga systrana
Lynn og Cheryl Hersha, sem LB heilapvoði og beitti í þjónustu sinni.

Svipaðar sögur hafa fleiri sagt eins og t.d. Cathy O’Brian, Kathleen Sullivan og Fiona
Barnett.

Þegar leyndarhjúpnur er svipt af LB kemur ýmislegt skuggalegt í ljós, stundum
afrekað í samvinnu við herinn eins og t.d. „Áætlun ætipistill“ (Operation Artichoke,
áður Bluebird). Tilgangurinn var að skapa meðfærilega útsendara og morðingja með
því að kljúfa vitund þeirra og rugla í ríminu um eigið sjálf. Vísindamenn LB beittu m.a.
lyfjum og pyndingum til þess arna. Í áætlun „Einvaldi“ (Monarch) var beitt
kynferðislegum svívirðingum.

LB ýtti úr vör fleiri áætlunum eins og „Hermikráku“ (Mocking bird), þ.e. samvinnu LB við fjölmiðla. Forstjóri LB, William Joseph Casey (1913-1987), sagði í því sambandi árið 1981: „Þegar kemur að því, að Bandaríkjamenn trúí, að lygar séu sannleikur, er markmiði rangfærsluáætlunar okkar náð.“

Enda þótt áætluninni sé lokið sem slíkri, er umrædd samvinna þó í fullu gildi. Stundum er henni – eins og áróðrinum í covid-faraldrinum – stjórnað beint úr Hvíta húsinu.

Einstaka blaðamaður hefur helst úr lygalestinni eins og hinn þýski Udo Ulkotte (1960 – 2017). Skömmu áður en hann varð bráðkvaddur, kom hann með þessa játningu:

„Ég hef verið blaðamaður í aldarfjórðung. Ég var menntaður til að ljúga, svíkja og fela sannleikann fyrir almenningi. En nú er nóg komið og engin leið til baka, þegar ég verð vitni að því, hvernig þýskir og bandarískir fjölmiðlar leitast við að efna til stríðs í heimahögum Evrópubúa og eggja til stríðs við Rússa.

Ég spyrni við fótum og játa fyrri mistök, þ.e. að hafa fólk að ginningarfíflum og semja áróður gegn Rússum. Starfsbræður og -systur hafa rangt við nú sem endranær. Þeim er mútað til að svíkja fólk, ekki einungis í Þýsklandi, heldur um alla Evrópu.“

Það er svo sem ekki að undra, að Udo hafi fengið hjartaáfall. Hann hengdi sig þó ekki á snerli eins og títt er um uppljóstrara.

Uppljóstrarar og rannsóknablaðamenn hafa áður beint athygli okkar að alls konar vafasamri afbrotastarfsemi LB eins og að steypa löglegum stjórnvöldum af stóli, heyja stríð, múta, myrða óæskilegt fólk og versla með fíkniefni.

Frá fornu fari hefur eitt starfssviða LB, í samvinnu við glæpasamtök og leyniþjónustur annarra ríkja (Ísraelsku leyniþjónustuna og vafalaust fleiri), verið mansal, barnsrán og barnavændi, þar sem kynferðileg misnotkun barna er notuð sem kúgunartæki gagnvart ofbeldisbroddborgurum.

Slík óþverrastarfsemi var t.d. stunduð á „Kynsvallseyju“ Jeffrey Epstein, vafalítið með stuðningi auðjöfra og stjórnvalda. Nýlega kom út tveggja binda verk bandaríska blaðamannsins, Whitney Webb, „Mútuð þjóð“ (One Nation Under Blackmail) um baksvið bandarísks þjóðlífs. Þar kemur LB vitaskuld við sögu.

John Chris Kiriakou (f. 1964), hefur skrifað bókina, „Njósni á báðum áttum. Leyndarlíf mitt í stríði LB gegn hryðjuverkum“ (The Reluctant Spy. My Secret Life in the CIA'S War on Terror). Hann starfaði fimmtán ár hjá LB. John segir:

„Umhverfið er þrungið kynlífi. Þar þrífst A-manngerðar fólk [kappgjarnt, óþolinmótt, árangursmiðað og samkeppnisækið], siðblint og sjúkt á geði. Okkur lék sá brandari á vörum við fundahöld, að enginn skyldi snerta fundarborðið, því ekki væri gott að vita, hver hefði stundað kynlíf á því síðustu nótt.“

Á tilteknum vígvelli erlendis smituðu starfsmenn hvern annan við kynmök með sérstakri LB-sóttkveikju. Það var algengt, að starfsmenn byðu útlendingum, sem þeir höfðu augastað á til starfa, kynsvallsferðir til Suðaustur- Asíu.

Barnaniðingar eru meðal starfsmanna LB. Einn þeirra, sem reyndar var rekinn, átti kynlíf með tveggja og sex ára börnum. Annar komst yfir klámmyndir mæðra af barnungum dætrum sínum. Sá tók pokann sinn. Þriðji játti því, að hafa séð 1.400 myndir af misnotuðum börnum.

Starfsmenn láta sér lög í réttu rúmi liggja: „Það felst í starfinu sem starfsmaður LB að brjóta lög í starfslandinu. Það er [einfaldlega] starfið sjálft ... að fremja njósir, en dauðadómur liggur víðast við því.“ Starfið felst einnig í að múta innlendum til að sitja á svikráðum við þjóð sína. Barnavændi er einnig beitt í þeim tilgangi.

Líklega hefur enginn varpað skýrara ljósi á þetta svið starfsemi löggæslu Bandaríkjanna Norður-Ameríku, þ.e. barnasölu og -vændi, en Theodore (Ted) L. Gunderson (1928-2011), fyrrverandi yfirmaður í Alríkislögreglunni (Federal Investigation Bureau – FBI).

Ted skrifaði bókina/skýrsluna: „Spilling: Eiturlyfja-djöfladýrkenda-netið og týndu börnin“ (Corruption: The Satanic Drug Cult Network and Missing Children), og „Leyndardóm hinnar vönduðu blekkingar“ (The Mystery of the Carefully Crafted Hoax) um reynslu sína og uppgötvanir. Ted er einnig höfundur „Flinders skýrslunnar“ (Flinders rapport) um félagsskap, þar sem stundaðar voru misþyrmingar á börnum og djöfladýrkun.

Ted segir félagsskapinn hafa verið skálkaskjól LB, sett á stofn í sjöunda áratugi síðustu aldar. Verkefnið hafi verið að ræna börnum víðs vegar um Bandaríkin og „forrita“ (programming) þau við pyndingar. LB höfðu til þess arna grænt ljós stjórnvalda og vernd af þeirra hálfu.

Sumir starfsmanna LB eru kunnir að kynferðislegum óþverrahætti, t.d. að ýta börnunum út í kynsvall, djöflinum til dýrðar - ásamt blóðugum trúarsíðum. Þeim er líka att til að drepa önnur börn og dýr. Þau eru notuð sem kynlífsþrælar, sum eru seld til annarra landa á norðurhveli og önnur drepin og líffæri þeirra seld. Sumir starfsmanna LB eru þátttakendur í þessu.

Eiturlyf kom við sögu í flestum glæpa í landinu. LB flytur inn heilu flugvélafermana af þeim, heldur Ted áfram. Hann á væntanlega fyrst og fremst við innflutning frá Mið- og Suður Ameríku.

Þegar Bandaríkjamenn lögðu undir sig Afganistan, margfaldaðist framleiðsla á fíkniefnum og smygl þeirra til Bandaríkjanna.

<https://www.mintpressnews.com/cia-israel-mossad-jeffrey-epstein-orwellian-nightmare/261692/>

<https://therealnews.com/epstein-may-be-just-one-part-of-an-intricate-network-of-sex-and-power>

<https://www.history.com/news/what-was-operation-underworld>

<http://www.whale.to/b/gunderson.html>

<http://www.whale.to/b/alexander.html>

<http://www.whale.to/b/gunderson1.html>

<https://www.laprogressive.com/law-and-the-justice-system/cia-sex-crimes>

<https://www.youtube.com/watch?v=VJBsQJ-JWJE>

<https://www.historynet.com/reinhard-gehlen-the-nazi-spy-chief-turned-cia-agent/>

<https://www.britannica.com/topic/BND#ref127827>

<https://www.theguardian.com/world/2013/may/30/cia-whistleblower-john-kiriakou-open-letter-prison>

<http://www.whale.to/b/gunderson.html>

<https://www.youtube.com/watch?v=0bjBfVD43qo>

<https://www.npr.org/2019/09/09/758989641/the-cias-secret-quest-for-mind-control-torture-ld-and-a-poisoner-in-chief>

<https://www.facebook.com/canadianarchivist/videos/1088204915064732/>

<https://www.youtube.com/watch?v=Y5H-AwlyQQ8>

<https://archive.org/details/ted-gunderson-corruption-the-satanic-drug-cult-network-and-missing-children-vol.-1>

<https://www.youtube.com/watch?v=YZ2VpfUqRoo>

<https://eu.tallahassee.com/story/news/local/state/2019/10/29/fbi-vault-the-finders-conspiracy-theories-florida-tallahassee-child-abuse-case-files/2487934001/>

<http://media1.7x.cz/files/media1:50fec023cdae2.pdf.upl/Ted+Gunderson+-+The+Finders+Report.pdf>

https://www.goodreads.com/author/show/230142.Cheryl_Hersha

https://www.goodreads.com/author/show/230142.Cheryl_Hersha

<https://www.youtube.com/watch?v=9JPwVo9jiRY>

<https://www.corbetteport.com/webb-onation/>

<https://www.youtube.com/watch?v=wDZc-fO8pHc>

<https://robertdavidsteele.com/cheryl-hersha-lived-the-real-life-pedogate-part-1-of-3/>

<https://robertdavidsteele.com/cheryl-hersha-lived-the-real-life-pedogate-part-2-of-3/>

<https://robertdavidsteele.com/cheryl-hersha-lived-the-real-life-pedogate-part-3-of-3/>

https://ips-dc.org/the_cias_worst-kept_secret_newly_declassified_files_confirm_united_states_collaboration_with_nazis/

https://covertactionmagazine.com/2022/11/22/outrageous-brainwashing-event-sponsored-by-bush-institute-and-cia-backed-national-endowment-for-democracy-never-deliberately-falsifies-history-to-inflame-american-hatred-against-russia/?mc_cid=0f0d777ca4&mc_eid=5cd1ec03b1

https://corbetteport.substack.com/p/the-cia-and-the-news-media-20?utm_source=substack&utm_medium=email#play

https://corbetteport.substack.com/p/one-nation-under-blackmail-with-whitney?utm_source=substack&utm_medium=email#play

<https://robertdavidsteele.com/mk-ultra-trauma-based-mind-control-on-children-sexually-abused-greg-reese/>

https://www.imdb.com/video/vi826524441/?playlistId=tt18311204&ref=tt_pr_ov_v
[i](#)

<https://www.youtube.com/watch?v=eE-JOdzOqxs>

<https://mentallitch.com/what-was-the-strange-and-unusual-cia-project-artichoke/>

<https://www.encyclopedia.com/arts/educational-magazines/hersha-cheryl>

<https://www.bitchute.com/video/s7mC5wSftRts/>

<https://www.history.com/topics/us-government/history-of-mk-ultra>

<https://www.youtube.com/watch?v=IR7Jhh5kxZU>

<https://www.theguardian.com/film/2021/nov/03/netflix-documentary-us-based-nazi-camp>

<https://pedoempire.org/?s=Hagopian>

<https://www.booksamillion.com/p/Pedophilia-Empire/Joachim-Hagopian/9798591431501>

<https://www.childwatch.uio.no>

<https://en.wikipedia.org/wiki/MKUltra>

<https://www.justice.gov/psc/docs/natstrategyreport.pdf>

<http://www.tparents.org/Moon-Talks/HyungJinMoon-20/HyungJinMoon-200518a.pdf>

<http://www.tparents.org/Library/Unification/Talks2/Koh/Koh-200805.pdf>

<https://steigan.no/2019/04/usas-utenriksminister-da-jeg-var-sjef-for-cia-sa-loy-svindlet-og-stjal-vi/>

<https://www.bitchute.com/video/XPVp55KZINHm/>

<https://www.topsecretwriters.com/2019/11/cia-agent-says-agency-supplies-pedophiles-children/>

<https://www.buzzfeednews.com/article/jasonleopold/cia-employees-sex-crimes-children-secret-files-foia>

<https://www.theguardian.com/world/2013/may/30/cia-whistleblower-john-kiriakou-open-letter-prison>

